

Akureyri 11. desember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis **frumvarp til laga um tekjuskatt o.fl., 226. mál**, landið eitt skattumdæmi o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings vísar til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 7. desember, en vill þó bæta við þau varnaðarorð sem þar koma fram og setja ákveðna fyrirvara.

Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð góð grein fyrir mögulegri hagræðingu og sparnaði í rekstri skattkerfisins og bent á að þróun í upplýsingatækni hafi gjörbylt vinnulagi og aukið afköst. Einnig er bent á að úrlausn verkefna í rafrænu starfsumhverfi er almennt óháð staðsetningu starfsmanna.


Stjórn Eyþings leggur á það áherslu að nauðsynlegt er að kveðið verði skýrt á um það í frumvarpinu að tiltekin sérsvið skuli vistuð úti í skattumdæmunum. Með öðrum orðum að kveðið verði á um að verkaskipting skuli vera milli umdæma, ásamt því að gert verði ráð fyrir að hluti verkefna verði unninn í fjarvinnslu. Nánar væri t.d. hægt að kveða á um þetta í 10. grein.

Gert er ráð fyrir að skattstofur, sem með frumvarpinu verða útibú frá embætti ríkisskattstjóra, verði 5 talsins. Ein verði á höfuðborgarsvæðinu og síðan ein í hverjum landsfjórðungi, auk þess sem fram kemur að embætti ríkisskattstjóra, þ.e. yfirstjórnin, verði í Reykjavík. Í þessu felst sú hætta, sem vel er þekkt úr útibúastarfsemi ríkisvaldsins, að öll hæst launuðu störfin verði í kring um yfirstjórnina auk þess sem ný störf verði til þar. Í 13. grein frumvarpsins er ýtt undir þetta, en þar er kveðið á um heimild ríkisskattstjóra til að ráða umboðsmenn til afmarkaðra verkefna. Stjórn Eyþings telur að þetta sérkennilega ákvæði eigi ekki heima í lögum og beri að fella brott, enda starfsfólk væntanlega ráðið í samræmi við þörf.

Í ljósi þess að embætti ríkisskattstjóra á að verða staðsett í Reykjavík og vegna þeirrar öru þróunar sem er í upplýsingatækni og rafrænu starfsumhverfi er ástæða til að skoða hvort ekki er óþarft að hafa sérstakt útibú á höfuðborgarsvæðinu. Í því kunna að felast möguleikar á enn frekari sparnaði og hagræðingu.

Á vegum stjórnvalda er nú unnið að Sóknaráætlun fyrir Ísland og skilgreind hafa verið sóknaráætlunarsvæði. Í þessari vinnu er m.a. áformað að samþætta hinar ýmsu áætlanir ríkisins auk þess að þjónusta ríkisins komi til með að miðast við fyrrnefnd svæði. Athygli vekur að á vegum ríkisstjórnarinnar koma nú fram frumvörp sem á engan hátt taka mið af eða vísa til ákvarðana sem ríkisstjórnin hefur tekið varðandi vinnu að Sóknaráætlun fyrir Ísland.

f.h. stjórnar Eypings

A handwritten signature in black ink, reading "Pétur Þór Jónasson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri